

Nd.

346. Frumvarp til laga

[137. mál]

um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þáttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins, og lántöku í því skyni.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3.5 milljónum dollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, sem haldinn var í Indlandi í október s. l., var samþykkt tillaga um að stofnanirnar athuguðu, hvort ekki væri hægt að auka framlög þáttökuríkjanna til þeirra.

Að því er sjóðinn varðar voru meginástæður fyrir tillögunni þær, að alþjóðaviðskipti hafa aukizt stórlega frá stríðslokum, er framlög voru ákveðin. Er því talið nauðsynlegt að efla fjárhag sjóðsins, svo að hann geti gegnt því hlutverki sínu að veita aðildarríkjum aðstoð, þegar gjaldeyris- og viðskiptaerfiðleikar steðja að.

Útlán Alþjóðabankans hafa jafnt og þétt aukizt. Eftir að allt hlutfé bankans hafði verið notað, hefur fjár til þessara útlána fyrst og fremst verið aflað með verðbréfasölu, bæði í Bandaríkjunum og í Vestur-Evrópu. Trygging kaupenda þessara verðbréfa felst í óinnborguðum hlutfjárloforðum þáttökuríkjanna, og þá fyrst og fremst Bandaríkjanna. Er nú nauðsynlegt að auka hlutfjárloforð til þess að tryggja áframhaldandi verðbréfasölu.

Nú hafa framkvæmdastjórnir sjóðsins og bankans samþykkt tillögur um, að öll aðildarríkin skuli auka framlag sitt til sjóðsins um 50% og framlagið til bankans um 100%. Hefur þessi samþykkt verið staðfest af ráðum sjóðsins og bankans (Boards og Governors), en í þeim á sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarríki. Samkvæmt þessu myndi framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hækka úr \$ 1.0 millj. í \$ 1.5 millj. Af aukningunni þarf að greiða 25% eða \$ 125.000 í dollurum til sjóðsins, en 75% eða jafnvirði \$ 375.000 greiðast í islenzkum krónum inn á reikning hans í Seðlabankanum. Framlagið til Alþjóðabankans myndi aukast úr \$ 1 millj. í \$ 2 millj. Hér er þó aðeins um hlutfjárloforð að ræða, og þarf ekki að greiða neitt af aukningunni, nema því aðeins að bankinn komist í greiðsluþrot.

Til þess að Ísland geti aukið framlag sitt þarf að auka lántökuheimild þá, er veitt var með lögum nr. 105, 21. desember 1945, úr jafnvirði 2 milljóna dollara í jafnvirði 3.5 milljón dollara, og er í frumvarpinu farið fram á þá heimild.